

Ú á fasismann – og fleiri ljóð

Eiríkur Örn Norðdahl

## Ú á fasismann – og fleiri ljóð

### Ritaskrá

*Þjónn, það er Föenix í öskubakkanum mínum!* – ljóð, 2007

*131.839 slög með bilum* – ljóðapýðingar, 2007

*Eitur fyrir byrjendur* – skáldsaga, 2006

*Handsprengja í morgunsárið* – ljóð, 2006 (ásamt Ingólfi Gíslasyni)

*Blandarabrandarar* – ljóð, 2005

*Hugsjónadruslan* – skáldsaga, 2004

*Nihil Obstat* – ljóð, 2003

*Heimsendapestir* – ljóð, 2002



Mál og menning

Ú á fasismann – og fleiri ljóð

Myndljóð og hljóðaljóð © Eiríkur Örn Norðdahl 2008

Mál og menning  
Reykjavík 2008

Öll réttindi áskilin.

Kápa: JÁH/Forlagið  
Umbrot: ÓTM/BÓT  
Prentun: Leturprent

Hljóðaljóðin voru tekin upp í Sluddunni á Súðavík  
Upptökum stjórnáði Örn Elías Guðmundsson.

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti,  
svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða  
á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild,  
án skriflegs leyfis höfundar og útgefanda.

ISBN (bók): 978-9979-3-3016-5

Mál og menning er hluti af  Forlaginu ehf.  
www.forlagid.is

## Myndljóð

1.	Höfundarréttur I	7
2.	Geimur	8
3.	Bókstafstrúar	10
4.	Drekapabbi	12
5.	Kiljan	14
6.	Það er aldrei of seint að brenna brunninn	16
7.	Það er að fara að hefjast stríð	18
8.	Varúð: Myndir af fuglum	20
9.	Það er rassgat á Íslandi	22
10.	Kanada Dræ	24
11.	Afsakið hlé	26
12.	Bænaskrá	28
13.	I want to be a part of it	30
14.	Netsokkabuxnavals	32
15.	Góðan daginn	34
16.	Jónas / Hallgrímsson	36
17.	Ú á fasismann	38
18.	Svona „Torrek“	40
19.	Göng úr landi	42
20.	Varp fyrir borð	44
21.	Höfundarréttur II	46

## Hljóðaljóð

1.	Pol Pot (Pantún)	0.56
2.	Batista (Pantún)	0.53
3.	Ra Che	0.41
4.	Maó! Maó! Maó!	1.28
5.	Nguyễn Sinh Cung frá Hoàng Trù	0.16
6.	Djúgasvíli	1.55
7.	Mahathir Múhameð (Pantún)	1.28
8.	Bólar á Bólívar	2.38
9.	Li Peng, Li-Bang Bang	0.42
10.	Swing ding (fyrir Ödda)	0.40
11.	Snurvoðin snýst á veggjunum	1.11
12.	Lygi og regla	1.16
13.	Eitt allsherjar ógurlega mikið	1.23
14.	Höppöhöppó Bóks	4.04
15.	Kennara með köldu blóði	1.41
16.	Úr órum Tobba	6.04
17.	Það er ekki að fara að hefjast neitt stríð	9.30
18.	Iceland Report on the Observance of Standards and Codes	3.37
19.	Naglasúpa I-VI	7.36
20.	Ég á ekki orð	3.32

Heildartími: 51.30 mínútur

„I do not say there is nothing outside the text  
but that there is text outside the nothing.“

Charles Bernstein  
*My Way – Speeches and Poems*





hváð varð um hina samgöngu máttinn?



dr. Göbbels  
talar um hlutleysi  
Þrá fjálföringra tórnin.  
Klaða í gar,  
r. Göbbels strelakn í gar,  
ræða sem hann flutti  
Münster, afvörum um að gata,  
lausu hlutleysi. Hann sagði,  
aðla veri hegt að vera gráður,  
rann & harnarlegu hlutleysi og  
pólitiska hlutleysi.  
rað geri ekki samræmt að rit,  
inljófrunnar lýtu yfir hlutleysi,  
en álta í líe andan óta samfö  
áftur við.  
Tali er að ummali þess efnu  
afallega stílad til Norðurlandanna

The page cannot be displayed  
The page you are looking for might have been removed or had its name changed.  
Please try the following:  
• If you typed the page address in the address bar, make sure that it is spelled correctly.  
• If you clicked on a link in the page, click the Internet Explorer search button to look for similar sites.





Drekapabbi vinnur á hverjum degi.

Hann fer langt inn í skóginn.

Hvað gerir hann þar?

Íhaldsdrekar eru bara kallaðir íhaldsdrekar. En þeir heita réttu nafni sjálfstæðisdrekar.



Þegar drekarnir halda fundi verða þeir stundum svo æstir og reiðir að þeir blása eldi. Þess vegna kalla þeir alltaf á slökkviliðið þegar þeir halda fundi.

Þar eru borgarskrifstofur drekanna og hann situr á stól á skrifstofunni allan daginn og talar í síma eða les bréf og skjöl.

Drekapabbi er nefnilega stjórn-  
máladreki og hann er krati.

Það þýðir að hann er alþýðuflokks-  
dreki.


Í borgarstjórn drekanna sitja líka  
íhaldsdrekar og framsóknardrekar.

Borðin og stólarnir eru  
líka úr eldtraustu efni.


Og svo er þar líka svolítill alþýðu-  
bandalagsdreki. Hann er stundum  
kallaður kommúnistadrekin.

- 5. kafli bókarinnar *Litli græni drekin* - textar  
í íslensku fyrir byrjendur með æfingum og  
orðaskrá (Institution för svenska språket /  
Avdelning för nordiska språk / Göteborgs uni-  
versitet)


HKL hugsar um guðdóminn





HKL íhugar forsetaframboð









# VARÚÐ: MYNDIR AF FUGLUM



Þrír Pólverjar sem lögreglan á Ísafirði hafði afskipti af í gær vegna ólöglegar farandsölu hafa nú greitt sekt og eru farnir frá bænum.



Mennirnir voru á sendiferðabil með erlendum númerum og gengu í heimahús í bænum og reyndu að selja blýantsteikningar og eftirprentanir.



Mennirnir höfðu ekki verslunarleyfi og hafði lögreglan þá í haldi þar til rétt undir kvöld. Þeim var sleppt að undangenginni lögreglu-stjórásátt.




Um 145 myndir voru gerðar upptækar og var einkum um að ræða teikningar af köttum, fuglum, mannvirkjum og blómum.



Gangverð mun hafa verið um 2500 krónur á mynd.



Mennirnir tengjast ekki pólskum fjölskyldum á Ísafirði.




Liklegt þykir að þeir tengist tveimur öðrum pólskum mönnum sem lögreglan á Ísafirði hafði afskipti af fyrir nokkrum dögum fyrir sömu sakir.

Hifopp og allir frá borði  
og allir frá borði og hoppsasi  
og vagg og valta á brothöttum vindum  
með segulstál i augnkúlunum og húnismann  
i gagnaugnabyssukúlunum gengur hann þvert á  
plankana kemst ekki á enda  
plankana kemst ekki á enda  
plankana kemst ekki á enda  
plankana kemst ekki á enda  
plankana kemst ekki á enda  
og hertum sem svigna undan ósöltum stáltánum  
Hifopp og glefsan m h eilsandi soldáta.  
með Costa del So 1 á heil anum örgeða og  
ormagna eftir ca 90 daga á 3 stjörnu hóteli  
og 90 nætur i sama taktinum, á eftir  
sömu tónlistinni i halarófu  
sömu tónlistinni i halarófu  
sömu tónlistinni i halarófu  
sömu tónlistinni i halarófu  
d d d d d d d d d d d d  
e e e e e e e e e e e e  
y y y y y y y y y y y y  
j j j j j j j j j j j j  
a a a a a a a a a a a a  
Hifopp og allir frá borði  
og allir frá borði og hoppsasi  
og vagg og valta á brothöttum vindum  
með segulstál i augnkúlunum og húnismann  
i gagnaugnabyssukúlunum gengur hann þvert á  
plankana kemst ekki á enda  
plankana kemst ekki á enda  
plankana kemst ekki á enda  
plankana kemst ekki á enda  
plankana kemst ekki á enda  
og hertum sem svigna undan ósöltum stáltánum  
Hifopp og glefsan m h eilsandi soldáta.  
með Costa del So 1 á heil anum örgeða og  
ormagna eftir ca 90 daga á 3 stjörnu hóteli  
og 90 nætur i sama taktinum, á eftir  
sömu tónlistinni i halarófu  
sömu tónlistinni i halarófu  
sömu tónlistinni i halarófu  
sömu tónlistinni i halarófu  
d d d d d d d d d d d d  
e e e e e e e e e e e e  
y y y y y y y y y y y y  
j j j j j j j j j j j j  
a a a a a a a a a a a a  
Hifopp og allir frá borði  
og allir frá borði og hoppsasi  
og vagg og valta á brothöttum vindum  
með segulstál i augnkúlunum og húnismann  
i gagnaugnabyssukúlunum gengur hann þvert á  
plankana kemst ekki á enda  
plankana kemst ekki á enda  
plankana kemst ekki á enda  
plankana kemst ekki á enda  
plankana kemst ekki á enda  
og hertum sem svigna undan ósöltum stáltánum  
Hifopp og glefsan m h eilsandi soldáta.  
með Costa del So 1 á heil anum örgeða og  
ormagna eftir ca 90 daga á 3 stjörnu hóteli  
og 90 nætur i sama taktinum, á eftir  
sömu tónlistinni i halarófu  
sömu tónlistinni i halarófu  
sömu tónlistinni i halarófu  
sömu tónlistinni i halarófu  
d d d d d d d d d d d d  
e e e e e e e e e e e e  
y y y y y y y y y y y y  
j j j j j j j j j j j j  
a a a a a a a a a a a a



Það er rassgat að vera stoltur (fundið ljóð)

Omg hva er að þér ;S! maður  
á ekki rassgat að vera stoltur  
á því að vera svona geðveik mikil  
tík =/ þú færð nákvamlega  
ekkert útúr því að vera svona leiðinleg ;/  
ef ég væri þú myndi ég vera sú þroskaða  
og labba í burtu og láta hana í friði heldur  
en að vita þegar maður er orðin eldri  
og hugsandi hva maður sá  
eftir þessu =S

**This is my nationality, baby**

Fjötrar úr Beaulieu  
fyrir Derek

„That’s how we roll“  
leiðbeiningar í íslensku fyrir a. rawlings



Afsakið, en nú gerum við hlé á ljóðabókinni til að ræða andkapitalískt eðli hennar.

Hlustið nú gaumgæfilega.

Við erum að hlusta, og við viljum að þú vitir það.

Dragið andann, einbeitið ykkur, hlustið.

Við drögum andann og lesum í hljóði.

Ekki vera *svona* heimsk.

Við vörpum öndinni og hefjum upp raustina.

Ekki *vera svona* heimsk.

Hlustaðu nú.

Langur dagur að kveldi kominn og allir orðnir þreyttir.

Við þurfum bara að koma að örstuttum skilaboðum.

Þetta er ekki flókið og við viljum að þú vitir það.

Við erum alþýðan, og við neitum að vera heimsk.

Ekki vera *svona heimsk*.



Við neitum að vera talin heimsk.

*Ekki* vera *svona* heimsk.

Það hvín í svitaholunum.

**VIÐ ERUM  
EKKI  
HEIMSK!**

Við þökkum gott hljóð.







24.6.2008 | 15:18

## Hingað og ekki lengra

Nú gekk Spaugstofan of langt. Í gegnum tíðina hefur maður oft látið sig hlakka til laugardagskvöldu með fjölskyldunni. Spaugstofan á sínum stað, nammi í skálum og svona. Maður kemur sér vel fyrir og nýtur þess með öðrum að horfa á samfélagið (og þar með sjálfan sig) í spéspegli. En heimur versnandi fer, fólk er greinilega á villigötum með sín gildi í lífinu. Andleg fátækt er vart fyrirgefandleg. Spaugstofan hefur orðið fyrir mikilli gagnrýni í þessu máli, sennilega einni mestu á verk sín á tveggja áratuga ferli. Enda margir ósáttir við þá. Óðir menn saka Spaugstofuna um að vilja Ólafi illt, hafa í hótunum um að hætta að horfa. Allt vegna skops í litlum grínþætti. Maður bíður eftir því að einhver týni lífi vegna þessa máls.

Það er eðlilegt að það sé staldrað við og hugleitt hvort að svona framsetning á gríni sé yfir höfuð grín. Ég hef séð að margir hafa velt því fyrir sér. Í sjálfu sér á þetta ekki að vera pólitískt mál, enda er þarna gert grín að veikindum sem hafa hrjáð mun fleiri Íslendinga en Ólaf F. Magnússon og er í sjálfu sér ekkert gamanmál. Þarna er verið að hvetja til ritskoðunar - en fyrst og fremst sjálfsritskoðunar. Líkt og þegar hamast var á Salman Rushdie vegna Söngva Satans er beitt hótunum til að kúga fólk til að þegja. Á þeim tíma vildu margir kenna Rushdie sjálfum um, að hann hefði grafið sína eigin gröf - sama viðhorf heyrir maður nú gagnvart Spaugstofunni.

Núverandi borgarstjóra var sýndur fádæma dónaskapur. Á hinn bóginn var fráfarandi borgarstjóri hylltur með miklum látum sem minnti nokkuð á þá persónudýrkun sem viðgekkst í fyrrum kommúnistaríkjum og hjá Hitler sáluga þegar hann réði í Þýskalandi. Þeir ættu að athuga vel sinn gang, eða bara hætta. Við eigum nóg af góðum leikurum sem kunna betri mannsaði.

Þessi þáttur var Karl Ágúst Úlfsson í hnotskurn. Þó menn kunni að halda annað þá er hann fúllyndið uppmálað. "Húmorinn" hans byggist á hatri. Er okkur ekki sama þó þeir séu að berja konur sínar og kúga þær og börn sín. Það liggur við að úlfaldi sé meira virði í Spaugstofunni en stjórnmalamaður, ekki erum við að hóta viðskiptabanni eða brenna fána til að hjálpa þeim.

Einhverjir segja kannski að ekki megi gera grín að heilsufari manna - fjölmenningsarsinnar gætu sjálfsagt borið því við - en það er einmitt það sem má samkvæmt okkar vestrænu lýðræðis- og málfrelsishefð. Mörgum ofbauð skrúslætin sem fram fóru á pöllum ráðhússins þegar borgarstjóraskiptin áttu að fara fram svo ekki var vinnufært.

Það eitt að Spaugstofan hafi þorað að brjóta „tabúið“ og sýna ögrandi háðsádeilu til þess að sýna að Íslendingar virði tjáningarfrelsið og láti ekki kúga sig, er virðingartvert. En hvort það var klókt er annað mál. En þar er ekki við Spaugstofuna að sakast, heldur öfgaöfl í heiminum, sem reyna hvað þau geta til að beita kúgunum.

Spaugstofan er ótrúlega slæm og þralát mistök góðra listamanna sem hafa þróast inn í eitthvert leikhús fáránleikans. Halda þarf hugmyndafræðilegum ofstopamönnum fjarri samningu skemmtiefnis. Þó er þess að gæta að skopskyn fólks er auðvitað misjafnt.

☆☆☆☆☆ Ljós | Breytt s.d. kl. 15:20 | Slóð

**Subject:** Kæri vinur - áriðandi  
**From:** kolbrunarskald@gmail.com  
**To:** trenton@fiji.com  
**Date:** 28.06.2008

Kæri vinur.

Það mun koma þér á óvart að fá þetta bréf, þar sem við þekkjumst ekki, en meðtaktu það þó í Allah nafni.

Ég heiti Eiríkur Örn Norðdahl og er yfirmaður þróunarstofnunar Nýhil alþjóðabankans í Súdan. Það er með fullri virðingu sem ég skrifa þér nú og býð þér að gerast aðili að viðskiptum sem vonir mínar standa til að verði okkur báðum til góða. Þegar ársreikningar bankans fyrir síðasta ár voru lagðir fram á dögunum kom í ljós að í reikningaskrá bankans var að finna gamlan tékkareikning í eigu manns sem við uppgötvuðum að hafði látist í hörmulegu flugslysi þann 6. nóvember 2002. Þar sem hinn látni gat ekki stundað viðskipti í gegnum tékka-reikninginn, fyrir sakir dauða síns, hafði reikningurinn verið „sofandi“ án þess að fjölskylda hans hefði nokkra vitund af honum, enda lá bankabókin í öryggishólfi og beið hins látna.

Frá andláti mannsins hefur enginn, ekki einu sinni nánir fjölskyldumeðlimir, gert kröfu til þess fjár sem á reikningnum er, og bankabókina getur enginn sótt sem ekki hefur súdansk vegabréf. Við höfum fullvissað okkur um að engir ættingjar mannsins eru búsettir hér á landi, eða hafa yfir að ráða vegabréfi merkt vorri þjóð. Í hlutverki mínu sem deildarforstjóri og yfirmaður þróunarstofnunar Nýhil alþjóðabankans fellur það í minn verkahring að ákveða hver verða næstu skref. Þar sem við búum yfir fáu og vanhæfu starfsfólki höfum við ákveðið að leita leiða til þess að flytja peninga úr bankanum og sömuleiðis úr landi.

Heildarupphæðin á bankabókinni er tíu milljónir og fimm hundruð þúsund dollarar (USD 10.500.000). Samkvæmt súdönskum lögum er okkur, sem bankastarfsmönnum, ekki heimilt að stofna reikninga erlendis né heldur getum við gert tilkall til fjárins. Þegar við vorum að velta vöngum yfir því hvernig við myndum leysa þessa klemmu rakst ég á félagi minn sem vinnur í viðskiptaráðuneytinu og mælti hann persónulega með þér, og sagði að ég skyldi hafa samband við þig og æskja þinnar hjálpar við flutning fjárins úr landi. Þar sem að umræddur viðskiptavinur er erlendur ríkisborgari verður þér einungis gert að láta eins og þú sért hans nánasti ættingi, og skal ég vera þér innan handar með allar nauðsynlegar upplýsingar og bankanúmer, til að auðvelda þér að flytja féð í hvern þann banka sem þú kýtst.

Ég og félagar mínir höfum ákveðið að gefa þér fjörutíu prósent (40%) fyrir aðstoðina og tíu prósent (10%) fyrir útlögðum kostnaði sem gæti komið upp vegna fjárflutningsins. Við viljum fullvissa þig um að þessir fjárflutningar eru algerlega áhættulausir þar sem við vinnum sjálfir í þessum banka, og því ættir þú að vera þess fullviss að fjárflutningurinn mun bera árangur, enda munt þú fá nýjustu upplýsingar nákvæmlega um leið og þú þráir.

Við viljum að auki vinsamlegast biðja þig að hafa hljótt um viðskipti okkar þar sem við vonumst sjálfir til að geta sest í helgan stein þegar féð hefur verið lagt inn á reikninginn okkar. Þá munum við heimsækja land þitt og deila með þér áður nefndu hlutfalli fjárins. Þú gætir jafnvel þurft að ráðleggja okkur um fjárfestingar-möguleika í landinu þínu, eða annars staðar, að þínu eigin frjálssa vali. Megi Allah hjálpa þér að hjálpa okkur í helgan stein, amen.

Æskirðu frekari upplýsinga eða viljirðu koma með fyrirspurnir, hikaðu þá ekki við að hafa samband við mig í gegnum þetta netfang, eða í síma 00354-8452685, fyrir munnlegar samræður.

Ég bíð eftir áriðandi svári þínu í ofvæni!!!

Hafðu mikla þökk, og megi Allah blessa þig um alla tíð

Eiríkur Örn Norðdahl






Ú á  
Fasismann.  
Já, barasta  
ú á hann!



Já, hann er  
geðveikt  
glataður!



# SVONA „TORREK“

## 1. SVERÐ OG SKJÖLDUR

Gleymdu ekki 11. september,  
Hallgerður Langbróðir!

Þú ert Íslandi til sóma,  
Egill Shallaþrímsson!

Þetta vor er á kostnað þróðuðhúsaóhrifanna,  
þormóður Kolbrúnarsháld!

Stöðkbreyttu mér,  
Gunnar á Hlíðarenda!

Ég þæt ekki lengur talað íslensku,  
Leifur Eiríksson!

Það eru eitruðgf í Æsufelli,  
Snorri Sturluson!

Hamstrarnir eru komnir með niðurfang,  
Sæmundur Fróði!

Það íshrar í þanþróði yðar,  
Melchora Múrhjartansdóttir!

Honum er nauðþað í Íslendingasögunum,  
Guðrún Ósvífursdóttir!

Hóshoshnetur eru engar fallbyggsuhytur,  
Gunnlaugur Órnstunga!

Múhamed hefur tekið gönguþrástafina mína,  
Hallgrímur Pétursson!

## 2. RÓANDI

Við vorhennum honum ekki neitt  
að vera dæmdur ofurólvi  
fyrir að berjja bruggmeistara  
á róandi á þamlárshvöld.

Að sigra sjálfan sig og vera frjáls  
skodaður á pildum númerum  
stífrakadur með uppsett háar  
á róandi á þamlárshvöld.

Sjá fellahverfi: Útlendingar í neyð  
rauðeyfir voteypir skrókva  
að foreldrum sínum á tveimur tungumálum  
á róandi á þamlárshvöld.

## 3. HVERSU LENGI ER HÆGT AÐ BERJJA DAUÐAN ÍSLENDING TIL VINNU?

Orðasamböndin að berjja samlanda  
sína, eða að berjja Íslendinga, eru  
notuð um tvennt. Í fyrsta lagi er  
merkingin 'afsaka' eða breiða yfir  
palla einhvers, til dæmis „Móðirin  
reyndi alltaf að berjja Íslendinga  
þegar sonur hennar átti í hlut.“ Í  
öðru lagi er merkingin 'regna að  
þera þott úr einhverju', til dæmis  
„Stjórn félagsins reyndi að berjja  
samlanda sína þegar hún hgannti  
skúrsluna.“



# Snorri telur hætti



# Radíó Ísland



ÞESSA!

BÓK!


MÁ!

FJÖL-!

FALDA!

LJÓS!

RITA!



SKRIFA!

UPP!


LJÓS!

MYNDA!

HLJÓÐ!

SETJA!

SYNGJA



HVORT!

SEM!


SÝNT!

ER!

GEGN!

GJALD!

EDUR!



EI!

MÉR!


ER!

ALVEG!

SAMA!

HAFÐU!

BARA!



ÞÍNA!

HENTI!

SEMI!

ELSKU!

GÆSKAN!

MÍN!

O.K.?

